

**Ákvörðun kærunefndar útlendingamála
um að fela nefndarmanni að úrskurða í málum,
sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016.**

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016 er fullskipaðri nefnd heimilt að fela einum nefndarmanni að úrskurða einum í tilteknum tegundum mála þar sem nefndin telur að framkvæmd og fordæmi séu svo skýr að ekki sé nauðsynlegt að afgreiða slík mál í deild.

Með vísan til 3. mgr. 8. gr. laganna hefur nefndin ákveðið að einn nefndarmaður úrskurði í eftirtöldum tegundum mála.

1. Þegar um er að ræða kæru vegna synjunar á efnismeðferð umsóknar um alþjóðlega vernd samkvæmt a-lið 36. gr. laga um útlendinga þegar viðtökuríkið er Grikkland og kærandi er fullorðinn einstaklingur. Kærur er varða fjölskyldur, ólögráða einstaklinga eða einstaklinga sem glíma við fötlun þar sem viðtökuríkið er Grikkland skal afgreiða í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laganna.
2. Þegar um er að ræða kæru vegna synjunar á umsókn um alþjóðlega vernd eftir efnismeðferð Útlendingastofnunar í málum fullorðinna einstaklinga frá Venesúela. Kærur er varða fjölskyldur og ólögráða einstaklinga frá Venesúela skal afgreiða í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laganna.
3. Þegar um er að ræða kæru vegna synjunar á umsókn um alþjóðlega vernd eftir efnismeðferð Útlendingastofnunar þar sem niðurstaðan er að vísa málinu aftur til nýrrar meðferðar hjá Útlendingastofnun.
4. Þegar um er að ræða frávísun máls þar sem kæra berst of seint eða kærandi hefur yfirgefið landið í málum vegna umsókna um alþjóðlega vernd.

Ákvörðunin byggir á því að kærunefnd hefur farið yfir framkvæmd nefndarinnar á síðustu mánuðum í þessum tilteknu tegundum mála og með hliðsjón af fjölda mála og niðurstöðum þeirra metið það svo að ekki sé nauðsynlegt að afgreiða þessi mál samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna.

Samþykkt af kærunefnd útlendingamála 3. febrúar 2025

Þorsteinn Gunnarsson

form.

Valgerður María Sigurðardóttir

varaform.

Vera Dögg Guðmundsdóttir

nefndarm.